



Alþingi  
Erindi nr. P 128/1771  
komudagur 28.4.2003

Keldum, 23. apríl 2003

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
c/o Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
Alþingi  
150 Reykjavík

## UMSÖGN

**Málefni: Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði o.fl., 681. mál, EES-reglur**


Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 26. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn undirritaðs vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Undirritaður hefur engar efnislegar athugasemdir fram að færa við sjálft lagafrumvarpið. Ég verð hins vegar að gera alvarlegar athugasemdir við kaflann um „Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins“ á bls. 4. Ég tel afar brýnt að 4. og 5. setning í 2. mgr. („Um 2. gr.“) verði hreinlega strikaðar út. Nánar tiltekið eru þetta setningar á bls. 5 sem eru svohljóðandi:

„Slík lagaheimild fyrir notkun flutningstækja er nauðsynleg forsenda fyrir innflutningi lifandi fisks til Íslands. Gert er ráð fyrir notkun erlendra flutningstækja enda er um að ræða sérhönnuð flutningsför sem ekki eru til hérlendis.“

Textinn er afar misvísandi og hreinlega villandi. Gefið er í skyn að hefja skuli innflutning á lifandi fiski til landsins en slíkt vakir alls ekki fyrir fisksjúkdóma- yfirvöldum. Þá er seinni setningin beinlínis röng, nú þegar er kominn sérútbúinn íslenskur brunnbátur til landsins sem þjóna skal innlendum kvíaeldisstöðvum. Þó er nauðsynlegt, skv. leikreglum á Evrópska efnahagssvæðinu, að gefa möguleika á notkun slíks flutningstækis í íslenskri landhelgi enda skal slík umferð hlíta ströngum reglum, m.a. um þrif og sóttþreinsun. Komið er inn á þennan þátt á öðrum stað í frumvarpinu, þ.e.a.s. í kaflanum um „Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.“, neðarlega á bls. 3. Þar er gerð nægjanleg grein fyrir notkun á flutningstækjum fyrir fiskeldi að mínu mati.

Virðingarfyllst;

  
Gísli Jónsson

